

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Friðland að Fjallabaki **Hagsmunaaðilagreining unnin af Vatnajökulsþjóðgarði og aðlöguð að friðlandinu.**

21.02.2019

Uppfærð 10.09.2020

Skilgreining hagsmunaaðila við stjórnun verkefna hefur margþættan tilgang. Hún eykur skilning stjórnenda og annarra þátttakenda á eðli verkefnisins og hvernig leiða beri fram markmið þess og skilgreina árangur.

Hagsmunaaðilagreining er einnig notuð til að skipuleggja samskipti í verkefni, því árangur getur að verulegu leyti oltið á samskiptum við hagsmunaaðila og því hvernig tekst að uppfylla væntingar þeirra. Forsenda árangurs og skilvirkra samskipta er að stjórnendur verkefnis kunni skil á því hverjir eru hagsmunaaðilar í verkefninu, á stöðu þeirra, væntingum og þýðingu þeirra fyrir verkefnið.

Um Stjórnunar- og verndaráætlun (S&V) Friðlands að Fjallabaki segir:

„Markmið með gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Friðland að Fjallabaki er að móta framtíðarsýn og stefnu um verndun friðlandsins og hvernig viðhalda megi verndargildi svæðisins. Stjórnunar- og verndaráætlunin er unnin í samræmi við 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd „

Í áætluninni er einnig fjallað um samstarf við hagsmunaaðila og skilgreiningu samstarfsaðila. Þar segir:

„Áætluninni er ætlað að styðja stjórnendur friðlandsins í störfum sínum í samráði við þá sem koma að fjölbreyttri starfsemi, útivist eða eiga hagsmuna að gæta á starfssvæði friðlandsins. Einnig er markmiðið að stjórnendur friðlandsins og aðrir opinberir aðilar nái sem best að uppfylla skyldur sínar en geta jafnframt með aðgerðum sínum stutt aðra aðila við að ná markmiðum sínum til hagsbóta fyrir starfsemi friðlandsins og nærliggjandi svæði. „

Í samráðskafli S&V er einmitt ráðgert að Umhverfisstofnun skilgreini helstu samstarfsaðila úr hópi hagsmunaaðila og vinni áætlun um hvernig haga skuli samstarfinu við þá.

Farið er ofan í það hverjir hagsmunaaðilarnir eru, hvaða hlutverki þeir gegna eða hvert framlag þeirra er – séð frá hlið verkefnisins. Einnig er leitast við að skilgreina væntingar sem hagsmunaaðilarnir hafa til framvindu og útkomu verkefnisins – séð frá þeirra bæjardyrum. Eftirfarandi er sett fram til frekari skýringa á því sem fram kemur í töflunni:

Hagsmunir: Almennt má segja að hagsmunir þeirra sem hér eiga í hlut felist í því, í nútíð og framtíð, að nýta gæði friðlandsins, ferðast og komast um, njóta útiveru og náttúru í friðlandinu, hvort sem er til afþreyingar og yndisauka, í atvinnuskyni eða vegna vísindalegra rannsókna.

Hagsmunaaðilar: Þeir aðilar sem verndaráætlun fyrir Friðland að Fjallabaki hefur áhrif á og hafa því hagsmuni af því hvað hún felur í sér bæði hin almennu viðmið stefnunnar og grunnur hennar, sem og einstakar ákvarðanir eða ráðstafanir sem af henni leiðir. Að auki eru hér taldir þeir sem annast mótun stefnunnar.

Nánar um hagsmunaaðila: Hér eru settar fram ítarlegri upplýsingar um hagsmunaaðila, tilgang og markmið í starfsemi þess. Sett fram í því skyni að hægt sé að glöggva sig á snertiflötum sem geta haft áhrif á verkefnið.

Hlutverk hagsmunaaðila eða framlag til samráðsins: Hér er reynt að draga fram stöðu aðila í samráðferlinu sem framundan er og hvað aðili getur lagt af mörkum til þess. Framlag aðila felst að líkindum einkum í því að þeir geta miðlað af reynslu sinni og upplýsingum sem þeir búa yfir, t.d. af ferðum um svæðið og ástandi leiða, um rannsóknir, mælingar eða aðra upplýsingasöfnun um svæðið. Einnig getur framlag aðila falist í hugmynd að lausnum eða málamiðlunum sem geta orðið að tillögum um breytingar á S&V.

Væntingar hagsmunaaðila: Reynt er að skilgreina líklegar væntingar hagsmunaaðila til S&V um samgöngur, umferð og upplifun í friðlandinu og til samstarfs við Umhverfisstofnun og aðra hagsmunaaðila. Væntingar flestra hagsmunaaðila felast í því að þeir vilja fá að koma að og taka þátt í samtali og ákvörðunum sem þarf að taka við mótun S&V eða mögulegar breytingar á henni nú. Líklegar væntingar sumra aðilanna eru í þá átt að breytingar verði gerðar á S&V í átt til rýmkunar að þeirra skapi. Væntingar annarra kunna að snúast um að ekki verði gerðar breytingar á S&V. Aðrir (eða þeir sömu) vænta þess að málamiðlun náist milli andstæðra sjónarmiða sem hægt sé að una við.

Flokkun – forgangsröðun hagsmunaaðila: Vægi hagsmuna getur verið mismunandi, sumir hagsmunaaðilar hafa afmarkaða hagsmuni, t.d. á litlu svæði eða hagsmuni sem eru bundnir við lítinn hluta ársins, meðan telja má að hagsmunir annarra séu ríkari eða viðmeiri í samanburðinum. Það getur haft verulega þýðingu að flokka hagsmunaaðila og greina áhrif þeirra á viðfangsefnið. Það getur t.d. hjálpað til við að ákveða aðkomu þeirra að ákvörðunum eða samtali um málefni friðlandsins. Í því skyni er stundum gripið til einkunnagjafar, þar sem mikilvægi og áhrif hagsmunaaðila á árangur verkefnisins- er metið með einkunn frá 1 til 5. Margfeldi mikilvægis og áhrifa gefur mynd af því hvers virði hagsmunaaðilar eru viðfangsefninu.

Aðgerðir: Í greiningu sem þessari eru svo, í samræmi við það sem fram er komið, tilgreindar aðgerðir til að mæta væntingum hagsmunaaðila til viðfangsefnisins. Í þessari greiningu eru hér skráðar tvennskonar aðgerðir. Annars vegar sérstakir fundir snemma í ferlinu fyrir þá hagsmunaaðila, einkum heimamenn, sem skora hæst (16>) í greiningunni, og hins vegar fundarboð með tölvupósti á almennan fund (6 –14 stig). Þeir hagsmunaaðilar sem skora lægra en 6 stig þurfa sjálfir að bera sig eftir að koma á opna kynningarfundi.

Hagsmunaaðilagreining og skýring á gildum (ef farið er út í einkunnagjöf):

Mikilvægi	5	bráðnauðsynlegur	Áhrif	5	Alger
	4	nauðsynlegur		4	Mikil
	3	þó nokkur		3	Nokkur
	2	æskilegur		2	Lítill
	1	skiptir ekki máli		1	Óveruleg

Tafla yfir hagsmunaaðila

Hagsmunaaðili	Nánar um aðilann, almennt hlutverk hans og tilgang	Hlutverk – framlag hagsmunaaðila til samráðsins	Væntingar aðila til ferlis og útkomu	Mikilvægi (M)	Áhrif (A)	Einkunn = MxÁ	Aðgerðir (ráðstafanir til að mæta væntingum hagsm.aðila)	Ábyrgð –
Landssamtök með almenna hagsmuni sem varða aðgengi, umferð og útivist	Samtökin eiga það sammerkt að vera heildarsamtök á viðkomandi sviði, vinna að og gæta þeirra hagsmuna sem þau eru stofnuð um og eru málsvari sinna félaga /deilda/félagsmanna út á við.	Allir: Miðlun upplýsinga og reynslu. Hugmyndir um málamiðlun milli ólíkra sjónarmiða. Til viðbótar – sjá neðangreint:	Að eiga nærandi dvöl og stunda ýmiskonar afþreyingu í friðlandinu.					
Landssamband hestamannafélaga	Að sinna hagsmunamálum hestamanna á sviði samgöngu- og ferðamála, landnýtinga- og umhverfismála.	Miðlun upplýsinga um reiðleiðir, áfangastaði o.fl.	Í friðlandinu sé úrval áhugaverðra reiðleiða og ákjósanlegir áningarstaðir, ekki síst sé boðið upp á leiðir sem þekktar eru frá fornu fari.	3	3	9	Almennt fundarboð	UST
Ferðaklúbburinn 4x4	Samtök um ábyrga ferðamennsku á hálendinu og búnað 4x4-bifreiða. Markmið að standa vörð um ferðafrelsi, gefa gott fordæmi um umgengni og verndun landsins m/jákv. eftirbreytni og umræðu um náttúruvernd, efla þekkingu félagsmanna á ferðalögum um byggðir og óbyggðir landsins.	Miðlun upplýsinga um leiðir, áfangastaði, o.fl.	Komast megir að helstu áfangastöðum akandi enda komist margir ekki með öðrum hætti. Jafnframt séu leiðirnar sjálfar áhugaverðar og fjölbreyttar.	4	4	16	Sérstakur fundur	UST
Ferðafélag Íslands	Reka skála og tjaldsvæði í Landmannalaugum og	Þekking á staðháttum, reynsla af rekstri á svæðinu, þekking á leiðum.	Rekstur skála og ferðaleiða sé tryggður.	3	3	9	Almennt fundarboð	UST

Hagsmunaaðili	Nánar um aðilann, almennt hlutverk hans og tilgang	Hlutverk – framlag hagsmunaaðila til samráðsins	Væntingar aðila til ferlis og útkomu	Mikilvægi (M)	Áhrif (Á)	Einkunn = MxÁ	Aðgerðir (ráðstafanir til að mæta væntingum hagsm.aðila)	Ábyrgð –
	Hrafninnuskeri. Standa fyrir reglulegum gönguferðum.							
Ferðafélagið Útivist	Að hvetja til ferðalaga um Ísland, hollrar útiveru og verndar og virðingar fyrir náttúru landsins	Þekking á staðháttum á svæðinu, þekking á leiðum.	Þjóða megi ferðir og ferðamáta af ólíku tagi, t.d. gönguferðir, trússferðir og ökuferðir.	3	3	9	Almennt fundarboð	UST
Landssamband íslenskra vélsleðamanna	Öryggis- og hagsm.mál sleðamanna. Stuðla að góðri umgengni sleðamanna og vernd náttúru landsins.	Miðlun upplýsinga um leiðir, áfangastaði, o.fl.	Komast megi að helstu áfangastöðum á vélsleðum.	4	4	16	Sérstakur fundur	UST
Landssamtök hjólréiðamanna	Aðildarfélag LHM eru Íslenski fjallahjólaklúbburinn (ÍFHK) og Fjallahjólalbandalagið, Hjólréiðafélag Reykjavíkur (HFR) skv. vefsíðu. <i>Öll stærstu hjólréiðafélög landsins eiga aðild að LHM.</i>	Miðlun upplýsinga um leiðir, áfangastaði, tegund hjólamennsku o.fl.	Almennt geti hjólréiðamenn farið þar sem göngufólki er heimilt að fara.	4	4	16	Sérstakur fundur	UST
Íslenski fjallahjólaklúbburinn	Auka reiðhjólnotkun og vinna að bættri aðstöðu hjólréiðafólks til samgangna.	Miðlun upplýsinga um leiðir, áfangastaði, o.fl.	Almennt geti hjólréiðamenn farið þar sem göngufólki er heimilt að fara.	4	4	16	Sérstakur fundur	UST
FETAR Landsamtök	Hagsmunasamtök fyrirtækja sem starfa við ferðaþjónustu á sérútbúnum bifreiðum	Miðlun upplýsinga um leiðir, áfangastaði, o.fl.	Komast megi að helstu áfangastöðum akandi enda komist margir ekki með öðrum hætti. Jafnframt séu leiðirnar sjálfar áhugaverðar og fjölbreyttar.	4	4	16	Sérstakur fundur	UST

Hagsmunaaðili	Nánar um aðilann, almennt hlutverk hans og tilgang	Hlutverk – framlag hagsmunaaðila til samráðsins	Væntingar aðila til ferlis og útkomu	Mikilvægi (M)	Áhrif (Á)	Einkunn = MxÁ	Aðgerðir (ráðstafanir til að mæta væntingum hagsm.aðila)	Ábyrgð –
SAMÚT (Samtök íslenskra almenningsfélaga sem hafa hvers konar útvist* að markmiði.) (*hvers konar náttúruupplifun sem stuðlar að bættri heilsu, vellíðan og auknum skilningi á þeim verðmætum sem fólgin eru í náttúrunni)	Standa vörð um rétt almennings til að umgangast náttúruna og vera málssvari aðildarfélaga gagnvart stjórnvöldum og öðrum í sameiginlegum hagsmunamálum.	Miðlun upplýsinga um leiðir, áfangastaði, o.fl.	Friðlandið bjóði upp á fjölbreytta útvist og náttúruupplifun.	4	3	12	Almennt fundarboð	UST
Slysavarnafélagið Landsbjörg	Með aðstöðu í Landmannalaugum á sumrin. Leit, björgun, almannavarnir, almennt öryggi	Þekkja staðhætti. Gera grein fyrir öryggisþáttum sem varða samgöngukerfið	Samgöngukerfið sé öruggt og nýttist t.d. í leit og björgun og í viðbrögðum við náttúruvá.	5	4	20	Sérstakur fundur	UST
Flugmálafélag Íslands				2	3	6	Almennt fundarboð	UST
Félag leiðsögumanna				2	3	6	Almennt fundarboð	UST
Landshlutabundin samtök eða samtök um svæðisbundna hagsmuni	Svæðisbundnir hagsmunir, en að öðru leyti sambærilegir og móðurfélaga							
Ferðafélaga Íslands	Sjá að ofan um FÍ	Þekking á staðháttum, reynsla af rekstri á svæðinu, þekking á leiðum	Rekstur skála, tjaldsvæða og ferðaleiða sé tryggður. Aðgengi að fjölbreyttum gönguleiðum.	5	4	20	Sérstakur fundur	UST
Katla Jarðvangur	Jarðvangur í nágrennasveitafélagi	Miðlun upplýsinga.		2	3	6	Almennt fundarboð	UST
Hestamannafélagið Freyfaxi	Að efla áhuga á hestum og hestamennsku	Þekking á reiðleiðum um svæðið.	Aðgengi að þekktum reiðleiðum sé tryggt.	2	3	6	Almennt fundarboð	UST

Hagsmunaaðili	Nánar um aðilann, almennt hlutverk hans og tilgang	Hlutverk – framlag hagsmunaaðila til samráðsins	Væntingar aðila til ferlis og útkomu	Mikilvægi (M)	Áhrif (Á)	Einkunn = MxÁ	Aðgerðir (ráðstafanir til að mæta væntingum hagsm.aðila)	Ábyrgð –
Náttúruvernarsamtök Suðurlands (NSS)	Náttúruverndarsamtök á Suðurlandi	Þekking á náttúruvernd og staðháttum.	Íslensk náttúrua sé varin. Samgöngukerfi samrýmist náttúruverndarsjónarmiðum.	4	4	16	Sérstakur fundur	UST
Eldvötn	Samtök náttúruverndar í Skaftárhrepp	Gætu mögulega miðlað upplýsingum, til UST og til félagsmanna. Geta upplýst félagsmenn sína um framgangna mála í friðlandinu.	Fá að fylgjast með.	3	2	6	Almennt fundarboð	UST
Landvernd	Regnhlífarsamtök félaga sem starfa að umhverfismálum	Þekking á umhverfisvernd	Íslensk náttúra sé varin	3	4	12	Almennt fundarboð	UST
Náttúruverndarsamtök Íslands	Verndun íslenskrar náttúru	Þekking á náttúruvernd	Samgöngukerfið samrýmist náttúruverndarsjónarmiðum	3	4	12	Almennt fundarboð	UST
Hið íslenska náttúrufræðifélag	Verndun íslenskrar náttúru	Þekking á náttúruvernd	Samgöngukerfið samrýmist náttúruverndarsjónarmiðum	2	2	4		
Fuglavernd	Verndun íslenskra fugla	Þekking á fuglavernd	Íslensk vistkerfi og fuglar í náttúrunni verði varin	3	2	6	Almennt fundarboð	UST
Markaðsstofa Suðurlands	Hagsmunasamtök ferðaþjónustunnar á Suðurlandi	Miðlun upplýsinga um leiðir, áfangastaði, o.fl.	Ferðaþjónustu uppbygging, friðlandið bjóði upp á fjölbreytta útivist og náttúruupplifun.	3	3	9	Almennt fundarboð	UST
Skotvís		Þekking á veiðum		2	2	4		
Veiðifélag Landmannaafreittar	Félag veiðileyfishafa á Landmannaafreitt	Sala veiðileyfa, miðlun upplýsinga um leiðir, áfangastaði o.fl.	Ferðaþjónustu uppbygging, komast megi að helstu áfangastöðum akandi.	4	4	16	Sérstakur fundur	UST

Hagsmunaaðili	Nánar um aðilann, almennt hlutverk hans og tilgang	Hlutverk – framlag hagsmunaaðila til samráðsins	Væntingar aðila til ferlis og útkomu	Mikilvægi (M)	Áhrif (Á)	Einkunn = MxÁ	Aðgerðir (ráðstafanir til að mæta væntingum hagsm.aðila)	Ábyrgð –
Félög/fyrirtæki/samtök með rannsóknartengda hagsmuni eða atvinnulega								
Jöklarannsóknafélag Íslands	Jöklarannsóknir	Miðlun upplýsinga um leiðir, áfangastaði, o.fl.	Komast megi að mest sóttu bækistöðvum og rannsóknastöðum án sérstakrar undanþágu.	3	3	9	Almennt fundarboð	UST
Raunvísindastofnun HÍ	Rannsóknir á náttúrufari	Miðlun upplýsinga um leiðir, áfangastaði, o.fl.	Komast megi að mest sóttu bækistöðvum og rannsóknastöðum án sérstakrar undanþágu.	3	3	9	Almennt fundarboð	UST
Landvarðafélag Íslands/Landverðir	Hagsmunamál Landvarða	Reynsla af starfi á svæðinu	Sækja í reynslubanka landvarða	3	2	6	Almennt fundarboð	UST
Nýheimar þekkingasetur	Bæta aðgengi að háskólanám í samvinnu við atvinnulífið, efla rannsóknir og vísindastarf á Suðurlandi.	Miðlun upplýsinga.	Aðgengi að rannsóknarstöðum.	2	2	4		
Náttúrustofa Suðurlands	Að safna gögnum og varðveita heimildir um náttúrufar og stuðla að almennum náttúrurannsóknnum með áherslu á Suðurland og sérstöðu náttúru þess.	Þekking á náttúru, staðhættum, heimasvæði. Miðlun upplýsinga.	Aðgengi að rannsóknarstöðum.	4	3	12	Almennt fundarboð	UST
Landsnet	Rekstur raforkuflutningskerfi.	Miðlun upplýsinga um leiðir, áfangastaði o.f.	Komast megi að innviðum og viðhalda þeim án sérstakrar undanþágu.	4	3	12	Almennt fundarboð	UST

Hagsmunaaðili	Nánar um aðilann, almennt hlutverk hans og tilgang	Hlutverk – framlag hagsmunaaðila til samráðsins	Væntingar aðila til ferlis og útkomu	Mikilvægi (M)	Áhrif (Á)	Einkunn = MxÁ	Aðgerðir (ráðstafanir til að mæta væntingum hagsm.aðila)	Ábyrgð –
Landsvirkjun	Rannsóknir á náttúrufari m.t.t. virkjana	Miðlun upplýsinga um leiðir, áfangastaði, o.fl.	Komast megi að mest sóttu bækistöðvum og rannsóknastöðum án sérstakrar undanþágu.	4	3	12	Almennt fundarboð	UST
Samtök ferðapjónustunnar	Sameiginlegur vettvangur íslenskra fyrirtækja sem stunda rekstur á sviði ferðapjónustu	Miðlun upplýsinga um leiðir, áfangastaði, o.fl.	Aðildarfyrirtæki í ferðapjónustu geti boðið upp á fjölbreyttar ferðir fyrir ólíka markhópa.	3	3	9	Almennt fundarboð	UST
Flugbjörgunarsveitin Hellu	Björgunarsveit svæðisins.	Þekkja staðhætti. Gera grein fyrir öryggisþáttum sem varða samgöngukerfið	Samgöngukerfið sé öruggt og nýtist t.d. í leit og björgun og í viðbrögðum við náttúruvá.	3	4	12	Almennt fundarboð	UST
Höll (kýlingakofi) Hallarvinir	Félag um Kýlingakofa	Þekking á svæðinu.		2	3	6	Almennt fundarboð	UST
Einkaaðilar í ferðapjónustu, rekstur inn á svæði, reglulegar ferðir á svæðið.	þurfa að geta boðið áhugaverða þjónustu.	Gera grein fyrir þörfum ferðapjónustuaðila.	Fyrirtækin geti boðið upp á fjölbreyttar ferðir fyrir ólíka markhópa.					
South Coast Adventure	Jeppaferðir með leiðsögn og gönguferðir, sumar sem vetur	Miðla upplýsingum um leiðir, áfangastaði o.fl.	Komast megi að helstu áfangastöðum akandi enda komist margir ekki með öðrum hætti. Jafnframt séu leiðirnar sjálfar áhugaverðar og fjölbreyttar.	3	4	12	Senda lýsingu og fyrstu drög til umsagnar	UST
Íshestar	Hestaferðir	Þekking á reiðleiðum á svæðinu	Þjóða megi hestaferðir, leiðir séu áhugaverðar og fjölbreyttar. Reiðleiðum og áningahólfum	4	4	16	Sérstakur fundur	UST

Hagsmunaaðili	Nánar um aðilann, almennt hlutverk hans og tilgang	Hlutverk – framlag hagsmunaaðila til samráðsins	Væntingar aðila til ferlis og útkomu	Mikilvægi (M)	Áhrif (Á)	Einkunn = MxÁ	Aðgerðir (ráðstafanir til að mæta væntingum hagsm.aðila)	Ábyrgð –
			verði viðhaldið og greitt aðgengi að þeim.					
Midgard Adventure	Jeppaferðir m leiðsögn, sumar sem vetur	Miðla upplýsingum um leiðir, áfangastaði o.fl.	Komast megi að helstu áfangastöðum akandi enda komist margir ekki með öðrum hætti. Jafnframt séu leiðirnar sjálfar áhugaverðar og fjölbreyttar.	3	3	9	Almennt fundarboð	UST
Reykjavík Excursion	Áætlunarferðir með rútum	Miðla upplýsingum um leiðir, áfangastaði o.fl.	Komast megi að helstu áfangastöðum akandi enda komist margir ekki með öðrum hætti. Jafnframt séu leiðirnar sjálfar áhugaverðar og fjölbreyttar.	3	3	9	Almennt fundarboð	UST
Sterna	Áætlunarferðir með rútum	Miðla upplýsingum um leiðir, áfangastaði o.fl.	Komast megi að helstu áfangastöðum akandi enda komist margir ekki með öðrum hætti. Jafnframt séu leiðirnar sjálfar áhugaverðar og fjölbreyttar.	3	3	9	Almennt fundarboð	UST
Fjallaleiðsögumenn	Gönguferðir	Miðla upplýsingum um leiðir, áfangastaði o.fl.	Þjóða megi ferðir af ólíku tagi, leiðir séru áhugaverðar og fjölbreyttar. Leiðum verði viðhaldið og greitt aðgengi að þeim fyrir ferðabjónustuaðila.	3	3	9	Almennt fundarboð	UST
Hekluhestar	Hestaferðir	Þekking á reiðleiðum um svæðið.	Þjóða megi hestaferðir, leiðir séu áhugaverðar og fjölbreyttar. Reiðleiðum og áningahólfum	4	4	16	Sérstakur fundur	UST

Hagsmunaaðili	Nánar um aðilann, almennt hlutverk hans og tilgang	Hlutverk – framlag hagsmunaaðila til samráðsins	Væntingar aðila til ferlis og útkomu	Mikilvægi (M)	Áhrif (Á)	Einkunn = MxÁ	Aðgerðir (ráðstafanir til að mæta væntingum hagsm.aðila)	Ábyrgð –
			verði viðhaldið og greitt aðgengi að þeim.					
Hraunhestar	Hestaferðir	Þekking á reiðleiðum um svæðið.	Rekstur innan svæðis verði tryggður. Reiðleiðum og áningahólfum verði viðhaldið og greitt aðgengi að þeim fyrir ferðabjónustuaðila.	4	4	16	Sérstakur fundur	UST
Fitjamenn	Ferðabjónusta, rekstur skála utan friðlands	Miðla upplýsingum um leiðir, áfangastaði o.fl.	Aðgengi að fjölbreyttum gönguleiðum og aðgengi á bílum.	3	3	9	Almennt fundarboð	UST
Hellismenn	Ferðabjónusta innan friðlands að fjallabaki, skálar og tjaldsvæði	Miðla upplýsingum um leiðir, áfangastaði ofl	Rekstur skála og tjaldsvæðis innan friðlands verði tryggður. Aðgengi að fjölbreyttum gönguleiðum. Gott aðgengi á bílum.	5	4	20	Sérstakur fundur	UST
Holtungar Mounten Mall	Ferðabjónusta með tímabundinn samning um rekstur innan svæðis.			2	3	4	Almennt fundarboð	UST
Hótel Hrauneyjar	Ferðabjónustufyrirtæki utna friðlands. Upplýsingamiðstöð SUT og VJÞ í andyrir hótelsins.	Miðlun upplýsingar um leiir , áfangastaði o.fl.	Aðgengi að fjölbreyttum gönguleiðum og aðgengi á bílum.	3	3	9	Almennt fundarboð	UST
Þyrlufyrirtæki	Ferðabjónusta		Aðgengi að lendingastöðum innan friðlands, lágflug.	4	4	16	Almennt fundarboð	UST
Vulcano Hut (Þórsmörk)	Ferðabjónustufyrirtæki utan friðlands			2	3	6	Almennt fundarboð	UST

Hagsmunaaðili	Nánar um aðilann, almennt hlutverk hans og tilgang	Hlutverk – framlag hagsmunaaðila til samráðsins	Væntingar aðila til ferlis og útkomu	Mikilvægi (M)	Áhrif (Á)	Einkunn = MxÁ	Aðgerðir (ráðstafanir til að mæta væntingum hagsm.aðila)	Ábyrgð –
Sveitarfélögin	Fara með skipulagsvald á sínu svæði, en áhrif á það frá S&V. Gæta almannahagsmuna; hagsmuna íbúa sinna. Einstök þjónustusvið.	Eiga hlutdeild í stjórnun VJÞ, með fulltrúum í svæðisráðum og stjórn, sbr. lög. Miðlun upplýsinga um skipulag, leiðir, o.fl.	Samgöngukerfið, ásamt þeirri þjónustu sem það ber, sé undirstaða fjölbreyttrar starfsemi og atvinnusköpunar. Íbúar geti tengst áttögum. Öryggi almennings sé tryggt þegar náttúruvá ber að höndum. Gott samstarf við þjóðgarð, um skipulags- og framkvæmdamál, þ.á m. á grunni S&v. M.a. um legu veiga og aðkomuleiðir, staðsetningu þjónustu o.fl.					
Rangárþing- ytra	Umrætt svæði er einungis innan þess. Kvaðir um samráð sbr. lögum nr. 60/2013, 81. gr.	Skipulagsskyldu á svæðinu	Allt svæðið er innan sveitarfélagamarka. Hafa því beina hagsmuni.	5	5	25	Eru í samstarfs- hóp	UST
Skaftárhreppur	Liggur að friðlandsmörkum		Fá að fylgjast með framgangi mála	3	3	9	Almennt fundarboð	UST
Rangárþing- eystra	Liggur að Rangárþingi- ytra		Fá að fylgjast með framgangi mála	3	2	6	Almennt fundarboð	UST
Skeiða og Gnúpverjahreppur	Liggur að Rangárþingi- ytra		Fá að fylgjast með framgangi mála	3	2	6	Almennt fundarboð	UST
Stofnanir								
Náttúrufraeðistofnun	Vegna almenns hlutverks síns og vegna kvaðar um samráð, sbr. lög nr. 60/2013, 81. gr.	Miðlun upplýsinga um löggjöf, um rannsóknir, ástand svæða, leiðir, o.fl.	Formlegt umsagnarhlutverk skv. lögum	5	4	20	Eru í samstarfs- hóp	UST

Hagsmunaaðili	Nánar um aðilann, almennt hlutverk hans og tilgang	Hlutverk – framlag hagsmunaaðila til samráðsins	Væntingar aðila til ferlis og útkomu	Mikilvægi (M)	Áhrif (Á)	Einkunn = MxÁ	Aðgerðir (ráðstafanir til að mæta væntingum hagsm.aðila)	Ábyrgð –
Vatnajökulspjóðgarður	Vegna þekkinga á verndun og stjórnun friðlýstra svæða.	Miðlun upplýsinga, samstarf um fræðslu, eftirlit og upplýsingagjöf.	Aukið samstarf.	4	3	12	Almennt fundarboð	UST
Vegagerðin	Veghald þjóðvega í friðlandinu. Viðhald og merkingar á vegum og umferðarmannvirkjum sem undir Vg. heyrar. Opnun og lokun vega, m.a. vegna ástands.	Miðlun upplýsinga um löggjöf, vegi og veghald, leiðir, o.fl.	Samgöngukerfi friðlandsins falli að vegakerfinu almennt og samrýmist kröfum sem gerðar eru í vegalögum, að svo miklu leyti sem það heyrir undir Vegagerðina.	4	3	12	Almennt fundarboð	UST
Minjastofnun	Minjavernd	Merkar minjar á svæðinu, friðlýstar minjar	Samráð um varðveislu	4	3	12	Almennt fundarboð	UST
Forsætisráðuneyti	F.h landeigenda, kvöð um samráð sbr. lög nr. 60/2013, 81. gr.			5	5	25	Sendi Lýsingu og fyrstu drög til umsagnar	UST
Ferðamálastofa	Stjórnsýsla ferðamála			3	2	6	Almennt fundarboð	UST
Fiskistofa	Stjórnsýsluverkefni vegna laxa- og silungsveiða			3	2	6	Almennt fundarboð	UST
Skipulagsstofnun	Stefnumótun, stjórnsýsla og leiðbeininga um skipulag og framkvæmdir með sjálfbæra nýtingu aðlinda og vandaða byggð að leiðarljósi.			2	3	6	Almennt fundarboð	UST
Skógræktin	Verndun og endurheimt birkiskóga.	Eru með landgræðslusvæði innan friðlandsins. Endurheimt birkiskóga.	Komast megi að landgræðslusvæði og viðhalda því án sérstakrar undanþágu.	2	3	6	Almennt fundarboð	UST

Hagsmunaaðili	Nánar um aðilann, almennt hlutverk hans og tilgang	Hlutverk – framlag hagsmunaaðila til samráðsins	Væntingar aðila til ferlis og útkomu	Mikilvægi (M)	Áhrif (Á)	Einkunn = MxÁ	Aðgerðir (ráðstafanir til að mæta væntingum hagsm.aðila)	Ábyrgð –
Landgræðslan	Verndun, endurheimt og bæta auðlyndir sem fólgna eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands.	Eru með uppgræðsluvæði innan friðlands. Endurheimt landgæða.	Komast megi að landgræðsluvæði og viðhalda því án sérstakrar undanþágu.	3	3	9	Alemmt fundarboð	UST
Lögreglan Suðurlandi	Löggæsla			2	3	6	Almennt fundarboð	UST
Samgöngustofa	Stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hakvæmum samgöngum.			2	3	6	Almennt fundarboð	UST
Heimsminjanefnd UNESCO	Ber ábyrgð á framfylgni og þróun samnings, tekur við yfirlitsskám , ákveður hvaða staðir fara á heimsminjaskrá o.fl.			2	3	6	Almennt fundarboð	UST
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið	Ráðuneyti Umhverfisstofnunar			5	5	25	Samþykkir stjórnunar- og verndaráætlun	UST
Aðrir								
Íbúar	Fólk sem býr í næsta nágrenni við friðlandið	Þekking á svæðinu.	friðlandið bjóði upp á fjölbreytta útivist, gönguleiðir og náttúruupplifun.	4	4	16	Sérstakur fundur	UST
Hálendisnefnd Rangárþing ytra	Veita umsagnir eða gera tillögur um málefni hálendisins.			5	5	25	Fulltrúi í samstarfsnefnd	

Hagsmunaaðili	Nánar um aðilann, almennt hlutverk hans og tilgang	Hlutverk – framlag hagsmunaaðila til samráðsins	Væntingar aðila til ferlis og útkomu	Mikilvægi (M)	Áhrif (Á)	Einkunn = MxÁ	Aðgerðir (ráðstafanir til að mæta væntingum hagsm.aðila)	Ábyrgð –
Fjallskilanevnd Landmannaafreittar	Fulltrúi nytjaréttthafa			4	4	16	Fulltrúi í samstarfsnefnd	
Sómastaðir veiðifélag	Húseigendur í Landmannahelli	Þekking á svæðinu		2	3	6	Almennt fundarboð	UST